

**Nd.**

**573. Nefndarálit**

um frv. til laga um einkasölu á tóbaki.

Frá 2. minni hluta fjárhagsnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið sammála hinum öðrum nefndarmönnum um frv. þetta, hvorki þeim, sem vilja vísa því til stjórnarinnar, nje hinum, sem vilja fella það, heldur legg jeg til. að það verði samþykkt óbreytt.

Það er sannanlegt, að tóbakseinkasala hefir betri aðstöðu um innkaup og gjaldfrest heldur en einstaklingar, og ennfremur að rekstrarkostnaður hennar verður minni en samanlagður rekstrarkostnaður verður hjá heildsölum þeim, sem annars annast innflutning á tóbaksvörum. Verður því verslunarhagnaður hennar meiri en einstaklinga þeirra, sem annars flytja inn tóbak, ef útsöluverðið er hið sama, svo að frá þjóðhagslegu sjónarmiði er einkasalan betra verslunarfyrirkomulag heldur en frjáls samkeppi svo kölluð.

En einnig frá skattfræðilegu sjónarmiði er einkasala tóbaks bagkvæm tekjulind. Í stað þess að leggja toll á toll ofan, sem bækkar verðið og minnar söluna, er heppilegt að ætla ríkissjóði allan hagnað af heildsöluverslun tóbaks, með því að láta tóbakseinkasölu annast hana, án þess að útsöluverðið hækki og almenningi verði íþyngt með nýjum tollum. Þessari reglu hafa mörg ríki fylgt, og er kunnust tóbakseinkasala Frakklands, sem hefir staðið á aðra öld. Svipað fyrirkomulag er í Svíþjóð og víða í Suður- og Austur-Evrópu. Er sannanlegt, að einkasala tóbaks hjer á landi geti aukið tekjur ríkissjóðs um 200—300 þús. kr., án þess að tóbaksverð hækki til almennings.

Jeg tel þá reynslu, sem hjer á landi hefir verið af einkasölu tóbaks, alla hníga í þá átt, að hana eigi upp að taka að nýju. Að vísu gæti verið vafamál, hvort ekki væri heppilegra að breyta nokkrum aukaatriðum í frv. þessu, svo sem um tollgreiðslu, en ef frv. á að ná fram að ganga, er nægur tími að gera það við 3. umræðu. Hinsvegar virðist engin ástæða til að draga ákvörðun

um málið á langinn, með því að vísa því til stjórnarinnar. Svo stutt er síðan tóbakseinkasalan var afnumin, að enn er aðvent að færa sjer í nyt reynslu hennar. Landsverslun, sem hætti vörusölu um síðustu áramót, mun starfa að innheimtu skulda alt þetta ár, og mundi því vera auðvelt um næstu áramót að setja tóbakseinkasöluna í samband við hana, án þess að rjúfa sambengið. En lengri dráttur yrði einungis til þess að gera örðugra um að taka einkasöluna upp að nýju. Engar þær breytingar þarf að gera á frv., sem ekki er hægt að gera nú á þingi.

Þegar athugað er, hversu knýjandi þörf ríkissjóðs er á tekjulindum, sem ekki auka skattabyrði almennings, til margvíslegra framkvæmda og umbóta á þjóðarhögum, er ekki verjandi að varpa frá sjer, jafnvel þótt aðeins væri í eitt ár, 200—300 þús. kr. tekjuauka til handa ríkissjóði.

Alþingi, 23. mars 1928.

Hjedinn Valdimarsson.